



12. mars 2015

Fyrirverandi innanríkisráðherra,  
Hanna Birna Kristjánsdóttir

Hinn 22. janúar ritaði ég þér sem fyrirverandi innanríkisráðherra bréf fyrir hönd stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis í tengslum við svonefnt „lekamál“. Áður hafðir þú komið fyrir nefndina vegna umfjöllunar hennar um málið í tengslum við meðferð gagna í ráðuneytinu.


Í fyrrnefndu bréfi kom fram að þetta mál hefði ítrekað verið tekið til umfjöllunar í þingsal. Þætti mörgum þingmönnum að þar hafi komið fram af þinni hálfu fullyrðingar sem væru mótsagnakenndar eða hefðu hreinlega ekki fengið staðist.

Þá kom fram að innan stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar hefðu komið fram óskir um að þú kæmir á fund nefndarinnar til að gera grein fyrir sýn þinni á þetta mál og svara spurningum nefndarmanna um framgöngu þína.

Í bréfinu var þér boðið að mæta á fund nefndarinnar í framangreindum tilgangi. Óskað var eftir því að þú gerðir nefndinni skriflega grein fyrir því hvort þú hyggðist verða við þessum óskum.

Þar sem ekkert svar hefur borist er erindið hér með ítrekað og óskað eftir því að nefndinni berist svar fyrir næsta fund hennar sem verður þriðjudaginn 17. mars n.k.

Fyrir hönd stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis,



---

Ögmundur Jónasson, formaður.